

## Fundargerð

10. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum  
9. nóvember 2021 klukkan 9:30 í Fróðleiksmolanum Reyðarfirði.

### Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Arnór Snæbjörnsson (AS), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Gauti Jóhannesson (GJ) og Jón Björn Hákonarson (JBH). Eggert Ólafsson (EÓ), Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir (EHP) og Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAA) og Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) sem ritaði fundargerð.

Stefán Gunnar Thors (SGT), Íris Anna Karlsdóttir (IAK) og Bryndís Skúladóttir (BS) frá VSÓ ráðgjöf tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Uppbygging og efnistölk stefnuskjals.

Svæðisráð fékk þann 2. nóvember sl. send drög að stefnuskjali; *Strandsvæðaskipulag Austfjarða 2022. Vinnslutillaga nr. 1 til umfjöllunar í svæðisráði.*

SGT fór yfir almenna uppbyggingu stefnuskjalsins og þær fyrirmyndir sem horft var til við mótun þess. Stefnuskjalið er í vinnslu og SGT vakti athygli á þeim grunni sem leiðarljós skipulagsins standa á. Í drögum að stefnuskjali koma fram helstu áherslur um stefnu og markmið fyrir hvert viðfangsefni skipulagsins, auk þeirra forsendna sem byggt er á. Lögð er áhersla á samspil leiðarljósa, markmiða og skipulagsskilmála fyrir afmörkuð svæði á uppdrætti. Í lok stefnuskjalsins er kafli með upplýsingum um starfsemi sem háð er leyfum og áherslur skipulagsins varðandi leyfisveitingar.

Í kjölfar kynningar SGT fór fram umræða um stefnuskjalið. Almenn sátt var með framsetningu skjalsins. Nokkur umræða varð um þá áskorun að skerpa á markmiðum sem eiga uppruna í almennum stefnum stjórnvalda og sníða þau að viðfangsefni strandsvæðaskipulags Austfjarða.

#### 2. Drög að skipulagsskilmálum og skipulagsuppdrætti.

Svæðisráð fékk þann 2. nóvember sl. send drög að uppdráttum fyrir Strandsvæðaskipulag Austfjarða 2022 ásamt skipulagsskilmálum sem eru hluti af stefnuskjali.

EAA sagði frá því að drög að breytingu á reglugerð þar sem gerð er grein fyrir nýtingarflokkum hefði verið í kynningu í Samráðsgátt stjórnvalda líkt og svæðisráð hefði fengið upplýsingar um. IAK kynnti síðan drög að skilmálum fyrir hvern nýtingarflokk. Farið var yfir dæmi um skilmála nokkurra mismunandi svæða á skipulagsuppdrætti.

Almenn sátt var í svæðisráði um framsetningu á uppdráttum og skilmálum. Skoða þarf sérstaklega samspil almennrar nýtingar og siglinga á uppdrætti, sérstaklega í Seyðisfirði þar sem aðgreining á uppdrætti er ekki greinileg. Fram kom að skýra þyrfti sem best vægi mismunandi nýtingar á svæðum sem skilgreind eru fyrir almenna nýtingu. Þannig mætti tryggja nægjanleika og viðnámsþrótt í skipulaginu.

### Hádegishlé

#### 3. Drög að umhverfismati valkosta.

BS kynnti drög að umhverfismati valkosta sem er í vinnslu. Við mat á valkostum fyrir hvert svæði er byggt á þeim viðmiðum sem sett eru fram í lýsingu.

EÓ  
AD  
EHP  
ESG  
IAK  
BS

Í umræðu um umhverfismat valkosta kom fram að mikilvægt væri að huga að orðalagsnotkun við frekari vinnslu.

#### 4. Önnur mál

EAÁ kynnti tilhögun næstu funda. Gert er ráð fyrir næsta fundi svæðisráðs í desember og að fundað verði með samráðshópi, sveitarfélögum og hafnarstjórnnum fljótlega eftir áramót.

Fundið slitið kl. 13:25.

Samþykki fundargerðar:

Þinnvi Snælyse  
Eyjólífr Árbjörnsdóttir  
Gauti Jóhannsson  
Stefan Guðlaugsson  
Jón Guðni Árnason  
Eita Sigríður Gestsdóttir  
Eggert Ólafur  
Dáa Hlin Sigrúnar Pétursdóttir